

Ár 2002, þriðjudaginn 21. maí, var fundur settur í kjaranefnd að Hverfisgötu 6a í Reykjavík og haldinn af Hildi Árnadóttur, Ásgeiri Magnússyni og Þorsteini Haraldssyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og önnur starfskjör
framkvæmdastjóra Heyrnar- og
talmeinastöðvar Íslands**

I.

Þann 11. janúar 2002 barst kjaranefnd erindi heilbrigðis- og trygginga-málaráðuneytisins þar sem farið er fram á að kjaranefnd taki kjör framkvæmdastjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til formlegrar umfjöllunar og endurskoðunar í ljósi nýrra og breyttra laga um stofnunina. Í erindinu kemur fram að með lögum nr. 143/2001 um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 19/1990, með síðari breytingum, hafi meginákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands verið felld inn í lög um heilbrigðisþjónustu. Jafnframt hafi hlutverk stofnunarinnar verið skilgreint nánar með hinum nýju lagaákvæðum og sé það rýmkað nokkuð frá því sem áður var. Markmið breytinganna hafi verið að bæta þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein. Stofnuninni sé ætlað að sinna forvörnum á vinnustöðum, gert sé ráð fyrir að fræðsla verði efld, svo og heyrnarrannsóknir og rannsóknir á talmeinum. Þá sé stofnuninni ætlað að útvega þeim sem hún á að þjóna tilskilin hjálpartæki og annast fræðslu og þjálfun um notkun þeirra, svo og viðhald tækja. Sérstakt fagráð verði skipað í stað stjórnar sem eldri lög kváðu á um og skal fagráðið vera framkvæmdastjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun. Ráðuneytið bendir á að umræddar lagabreytingar hafi meðal annars verið gerðar í kjölfar stjórnsýsluendurskoðunar Ríkisendurskoðunar á starfsemi stöðvarinnar þar sem gerðar hafi verið margvíslegar athugasemdir við starfsemina. Það er mat ráðuneytisins að í kjölfar umræddra breytinga á lögum um stofnunina sé nýjum framkvæmdastjóra ætlað að vinna að gagngerri uppbyggingu stofnunarinnar og endurbótum á ýmsum sviðum starfsemi hennar. Framundan séu viðamikil verkefni sem tekist verði á við á næstu árum. Ráðuneytið telur því eðlilegt að launakjör framkvæmdastjórans verði endurskoðuð með tilliti til alls þessa.

Kjaranefnd gaf framkvæmdastjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands með bréfi dags. 18. janúar 2002 kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Svar barst með bréfi dags. 31. janúar 2002. Í erindinu rekur framkvæmdastjórinn helstu breytingar á starfsemi stofnunarinnar í kjölfar lagabreytinganna. Með nýjum lögum séu gerðar verulega auknar kröfur til framkvæmdastjórans frá því sem áður var. Allur rekstur og þjónusta stofnunarinnar sé nú alfarið á ábyrgð framkvæmdastjórans. Hlutverk stofnunarinnar hafi víkkað verulega sem leiði til aukins umfangs starfseminnar. Framkvæmdastjórinn nefnir í því sambandi að samkvæmt nýjum lögum skuli stofnunin nú annast þjónustu við heyrnarlausa, en áður hafi eingöngu verið um þjónustu við heyrnarskerta að ræða; einnig skuli stofnunin annast bæði greiningu og meðferð þeirra sem séu með heyrnar- og talmein, en áður hafi fyrst og fremst verið um greiningu að ræða. Þá skuli stofnunin bæði útvega og sjá um viðhald og setja upp hjálpartæki fyrir skjólstæðinga sína, auk þess að sjá um fræðslu og viðeigandi þjálfun, en áður hafi fyrst og fremst verið um útvegum tækja að ræða.

Handwritten signature and initials:
Rt
En dk

II.

Kjaranefnd skal taka mál til meðferðar þegar henni þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem nefndin skal hafa til viðmiðunar eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald hennar tekur til, sbr. 12. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd nr. 120/1992.

Kjaranefnd tók síðast ákvörðun um laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands 9. október 2001.

Breytt lagaumhverfi Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands gefur tilefni til að taka launakjör framkvæmdastjóra stofnunarinnar til endurskoðunar. Við launaákvörðun nú var tekið tillit til aukinna umsvifa og verkefna stofnunarinnar ásamt aukinni ábyrgð framkvæmdastjóra, en einnig var höfð hliðsjón af launakjörum annarra forstöðumanna sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, þ.á.m. forstöðumanns Geislavarna ríkisins.

Umræddar lagabreytingar tóku gildi 31. desember 2001. Með vísan til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3099/2000 þykir kjaranefnd eðlilegt að miða gildistíma breytinga á launum framkvæmdastjórans við það tímamark.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjaranefnd ákveðið að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands verði svo sem hér segir:

1.

Frá og með 1. janúar 2002 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands vera 328.079 krónur. Að auki skal frá og með sama tíma greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

2.

Eining er 1% af 127. launaflokki kjaranefndar, nú 3.514,46 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjaranefnd úrskurði um það sérstaklega. Við mat á því hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega lítur kjaranefnd til viðmiðunarreglna um greiðslur fyrir aukastörf.

Um almenn starfskjör embættismanna gilda reglur kjaranefndar.



Hildur Árnadóttir


Ásgeir Magnússon


Þorsteinn Haraldsson